

Reykjavík, 19. september 2013.

Helstu breytingar í leikreglum í blaki. Breytingar tóku gildi 1. janúar en þar sem ný leiktíð er að hefjast er fyrst notast við reglurnar í haust á Íslandi.

Regla 4 – LIÐ

4.1.1 Liðskipan í leik er allt að 12 leikmenn auk þjálfarateymis og sjúkrateymis.

Þjálfarateymi: 1 þjálfari og allt að 2 aðstoðarþjálfarar

Sjúkrateymi: 1 sjúkraþjálfari og 1 læknir (þurfa að hafa réttindi)

Allt að 12 leikmenn og allt að 5 á bekknum

Regla 12 – Uppgjöf (textabreyting)

12.5 – Skuggi

Upprunalegur texti 12.5.1: Leikmenn þess liðs sem tekur uppgjöf mega ekki sjá til þess að mótherjar þeirra, með einstaklings eða hóp skugga, sjái ekki þann sem gefur upp eða fluglínu boltans.

Nýr texti 12.5.1: Leikmenn þess liðs sem tekur uppgjöf mega ekki sjá til þess að mótherjar þeirra, með einstaklings eða hóp skugga, sjái ekki þann sem gefur upp ~~eða~~ og fluglínu boltans.

Upprunalegur texti 12.5.2: Leikmaður, eða hópur leikmanna, uppgjafarliðsins myndar skugga með því að sveifla höndum, hoppa eða hreyfa sig til hliðar, á meðan að leikmaður framkvæmir uppgjöfina, eða leikmenn standa í hópi til að fela fluglínu boltans.

Nýr texti 12.5.2: Leikmaður, eða hópur leikmanna, uppgjafarliðsins myndar skugga með því að sveifla höndum, hoppa eða hreyfa sig til hliðar, á meðan að leikmaður framkvæmir uppgjöfina, eða leikmenn standa í hópi til að fela **leikmanninn sem tekur uppgjöfina og** fluglínu boltans.

Regla 19 – Frelsinginn

Ný og skýrari texti reglu 19.3.2: Skipting leikmanna

19.3.2.9 Ólögleg skipting frelsingja getur falist í (ásamt fleiru)

Skorpu hefur ekki verið lokið milli skiptinga.

Frelsingja hefur verið skipt við annan leikmann heldur en 2. frelsingja eða hinn venjulega skipti leikmann.

Ólögleg skipting frelsingja hefur sömu afleiðingar og ólögleg skipting:

Sé tekið eftir hinni ólöglegu skiptingu frelsingja fyrir upphaf næstu skorpu, skulu dómamarar leiðrétta það og gefa út tafaraðvörun á liðið.

Sé tekið eftir hinni ólöglegu skiptingu frelsingja eftir að uppgjöfin hefur verið framkvæmd, eru afleiðingarnar þær sömu og á við um ólöglegar skiptingar.

19.4.1

Frelsingi verður óleikfær við meiðsli, veikindi, brottvísun eða útilokun.

Frelsinginn getur verið úrskurðaður óleikfær af hvaða ástæðu sem er af þjálfara eða, í fjarveru þjálfarans, af fyrirlíðanum.

19.4.2.2.

Ef fyrsti frelsingi verður óleikfær í leik, má skipta honum/henni fyrir venjulegan leikmann strax og beint inn á völlinn með endurskipun frelsingja (Re-designation).

Ef frelsinginn er ekki á velli þegar úrskurðað er um óleikfærni, má hann/hún einnig vera skipt út vegna endurskipunar frelsingja. Frelsingi sem er úrskurðaður óleikfær má EKKI taka frekari þátt í leiknum.

Regla 21 Hegðun og refsingar

Nýr texti við reglu 21.1: Minniháttar slæm hegðun

Brot sem flokkast undir minniháttar slæma hegðun eru ekki refsiverð. Það er hlutverk aðaldómarans að varna því að lið komist á stig refsingar.

Framkvæmdin á þessu er tvíþætt:

1. stig: með því að gefa út munnlega aðvörun í gegnum fyrirliðann
2. stig: með því að gefa GULT SPJALD á leikmann í liðinu. Þessi aðvörun er ekki refsing heldur tákmynd þess að leikmaðurinn og liðið allt er nú komið á stig refsingar í leiknum. Gula spjaldið hefur engin áhrif en er samt sem áður skráð á leikskýrslu.

21.6 Refsing og spjöld

Yfirlit yfir refsingar og spjaldanotkun

Aðvörun:

Munnleg aðvörun og er ekki refsað

Gult spjald og er ekki refsað

Áminning: Refsing með rauðu spjaldi. Stig gefið til andstæðinga og næsta uppgjöf.

Brottvísun: Refsing með gulu og rauðu spjaldi í sömu hendi, leikmaður fer af velli út hrinuna.

Útilokun: Refsing með gulu og rauðu spjaldi í sitthvorri hendinni, leikmaður fer af velli út leikinn.

Dómaranefnd BLÍ tók saman